

Úrskurður nr. 8/2010.

Kærður er úrskurður Tollstjóra þar sem synjað var um endurgreiðslu aðflutningsgjalda (virðisaukaskatts) af tveimur lyftum, sem ætlaðar eru fyrir hreyfihamlaða. Kærandi krefst þess að ákvörðun Tollstjóra verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu Tollstjóra.

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags 9. ágúst 2010, sem barst ríkistollanefnd þann 16. s.m. kærir L. f.h. A., þá ákvörðun Tollstjóra sem birt var í úrskurði 12/2010, að hafna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af tveimur lyftum ætluðum fyrir hreyfihamlaða. Lyftur þessar voru settar upp í Sundhöll Selfoss. Kærandi krefst þess að ákvörðun Tollstjóra verði felld úr gildi og umbjóðanda hans verði endurgreidd aðflutningsgjöld og málskostnaður.

Í hinum kærða úrskurði Tollstjóra segir m.a. að þann 5. febrúar 2010 hafi kærandi sótt um endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna gjafar á tveimur lyftum fyrir hreyfihamlaða til Sveitarfélagsins Árborgar til notkunar í Sundhöll Selfoss. Tollstjóri hafnaði endurgreiðslunni með bréfi, dags. 22. mars s.l. Ákvörðun um höfnun byggði Tollstjóri á því að þiggjandi gjafanna uppfyllti ekki skilyrði um að vera mannúðar- eða líknarstofnun.

Samkvæmt heimild í 6. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt skal endurgreiða virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi. Endurgreiðsluheimild þessari málsgrein er bundin sömu skilyrðum og gilda um gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi og koma fram í b-lið 8. tölul. 1. mgr. 5. gr. tollalaga nr. 55/1987, nú b-liður 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Þá segir í hinum kærða úrskurði Tollstjóra. "Kveðið er á um nánari skilyrði endurgreiðslu í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Þar segir að tæki, búnaður og aðrar fjárfestingarvörur sem gefnar eru til nota í starfsemi sjúkra-, umönnunar og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, slysavarnarféлага, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi, eru undanþegnar aðflutningsgjöldum. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skal greiða virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum. Meginreglan er því sú að greiða skal virðisaukaskatt af vörum. Undanþágur frá meginreglum skattalaga um gjaldskyldu á almennt að skýra þröngt. Því er það mat embættis Tollstjóra, með vísan til fordæma fjármálaráðuneytisins, að skilyrði undanþágu virðisaukaskatts verði tvímælalaust að vera uppfyllt, sbr. úrskurði ráðuneytisins, dags. 21. maí 2004 og 27. ágúst 2004.

Starfsemi íþróttamiðstöðva og sundlauga sé í eðli sínu ólík starfsemi þeirra stofnana og féлага sem talin séu upp í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Íþróttamiðstöð eða sundlaug, sem ætluð er öllum almenningi til afnota, geti ekki fallið undir ofangreindar stofnanir eða samtök, sbr. úrskurð fjármálaráðuneytisins dags. 28. nóvember 2005."

Tollstjóri telur að skilyrði fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 6. mgr. 42. gr. virðisaukaskattslaga, sbr. nú b-liður 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 séu ekki uppfyllt. Ákvörðun Tollstjóra um höfnun á endurgreiðslu virðisaukaskatts, dags. 22. mars 2010, er staðfest.

Í kærinni lýsir kærandi forsögu málsins sem er sú að umbjóðandi hans gaf sveitarfélaginu Árborg tvær lyftur fyrir hreyfihamlaða sem settar voru upp í Sundlaug Selfoss. Lyfturnar voru keyptar hjá Aqua Sport ehf. og eru sérstaklega ætlaðar til nota fyrir fatlaða og hreyfihamlaða í vatni. Kaupverð tækjanna nam samtals kr. 3.074.750,- með virðisaukaskatti.

Þá segir að í úrskurði Tollstjóra sé endurgreiðsla virðisaukaskatts hafnað fyrst og fremst með vísan til þess að starfsemi sú sem fram fari hjá gjafþega í Sundhöll Selfoss sé ólík því sem fram fer hjá þeim stofnunum og samtökum, sem talin eru upp í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Kærandi telur að umsókninni sé ekki hafnað á þeim forsendum að umbjóðandi hans heyri ekki undir tilgreint ákvæði reglugerðarinnar. Hann telur því að einungis sé til úrlausnar hvort sú starfsemi sem fram fari í Sundhöll Selfoss geti talist sambærileg þeirri sem fram fer í starfsemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnun, dvalar- og vistheimilum, sambýlum fyrir fatlaða, greiningarstöðvum, öldrunar-stofnunum og stofnunum í hliðstæðri starfsemi slysavarnarféлага, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi.

Kærandi telur ljóst að sú starfsemi sem fram fari hjá gjafþega sé að öllu leyti sambærileg þeirri sem fram fari hjá þeim aðilum, sem tilgreindir séu í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Þá skipti einnig máli hver hagnýting gjafarinnar sé. Umbjóðandi kæranda vísar sérstaklega til eftirfarandi:

Í fyrsta lagi séu lyfturnar tvær sérhannaðar fyrir fatlaða og hreyfihamlaða og einvörðungu ætlaðar til þeirra nota. Þær séu því ekki til nota fyrir almenning. Af því leiði að tilvísun Tollstjóra til þess að Sundlaug Selfoss sé ætluð öllum almenningi til afnota getur ekki átt við í þessu samhengi.

Í öðru lagi sé sundlaugin á Selfossi eina sundlaugin á svæðinu fyrir fatlaða og hreyfihamlaða. Hún sé því nýtt til endurhæfingar og þjálfunar af þeirra hálfu. Þar gegna umræddar lyftur lykilhlutverki.

Í þriðja lagi sé sundlaugin á Selfossi nýtt af hálfu annarra stofnana á svæðinu, t.d. Þjónustumiðstöð aldraðra í Grænumörk og fatlaðra íbúa í sambýlum á vegum Svæðisskrifstofu Suðurlands.

Í fjórða lagi sé mannúðar- og líknartilgangur gjafarinnar augljós.

Kærandi telur í ljósi þess sem að framan er talið að starfsemi sú sem fram fer í Sundlaug Selfoss sé ekki ólík starfsemi þeirra stofnana, sem taldar eru upp í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008, heldur beinlínis sambærileg. Þá sé um að ræða einu sundlauginu á svæðinu og sé hún nýtt af hálfu stofnana, sem upp eru taldar í greindu ákvæði, fyrir sína starfsemi. Einnig liggja fyrir að lyfturnar tvær séu sérhannaðar fyrir fatlaða og hreyfihamlaða og það eitt leiði til þess að afnot þeirra sé einungis fyrir viðkomandi hópa en ekki almenning. Lyfturnar gegni lykilhlutverki við að auðvelda aðgengi allra fatlaðra og hreyfihamlaðra íbúa í Árborg og gera þeim kleift að stunda þjálfun og endurhæfingu sína.

Kærandi krefst þess að úrskurði Tollstjóra verði hnekkt og honum gert að endurgreiða oftekin aðflutningsgjöld að upphæð kr. 624.750. Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar.

Kæran var send Tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 16. ágúst 2010. Í svari sem barst nefndinni þann 7. september s.á. er því hafnað sem fram kemur í kærinni að úrskurður embættisins hafi einvörðungu byggst á öðrum grundvelli en að gjafþegi heyri ekki undir tilgreint ákvæði reglugerðarinnar enda kemur fram í úrskurðinum að „íþróttamiðstöð eða sundlaug, sem ætluð er öllum almenningi til afnota getur ekki fallið undir ofangreindar stofnanir eða samtök“. Tollstjóri bendir á að í hinum kærða úrskurði hafi verið vitnað í úrskurð fjármálaráðuneytisins, dags. 28. nóvember 2005. Í þeim úrskurði komi fram að íþróttamiðstöð eða sundlaug, sem ætluð sé almenningi til afnota, geti að mati ráðuneytisins ekki talist stofnun eða samtök skv. ofangreindu ákvæði.

Tæki eða búnaður sem færður er íþróttamiðstöð eða sundlaug að gjöf geti því að mati ráðuneytisins ekki talist vera gefin mannúðar- eða líknarstofnun og njóta þ.a.l. ekki undanþágu gjalda á grundvelli fyrrgreindrar heimildar. Sundhöll Selfoss er ætluð til notkunar alls almennings, auk þess sem boðið er upp á aðstöðu fyrir fatlaða og hreyfihamlaða og getur því ekki talist til mannúðar- eða líknarstofnana skv. 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Tilgangur gjafarinnar hefur ekki þýðingu í þessu máli þar sem gjafþegi uppfyllir ekki skilyrði ákvæðisins. Tollstjóri krefst þess að hinn kærði úrskurður verði samþykktur.

Greinargerð Tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 7. september 2010. Í svari sem barst nefndinni þann 16. s.m. segir m.a. að fyrir liggir að úrlausnarefni þessa máls sé hvort sú starfsemi sem fram fari hjá gjafþega í Sundhöll Selfoss geti talist sambærileg þeirri og fram fer í starfsemi sjúkra- umönnunar- og meðferðarstofnun, dvalar- og vistheimila, sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, slysavarnarfélag, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi.

Kærandi telur að það þurfi að skoða allar aðstæður í því tilviki sem hér um ræðir, starfsemi viðkomandi gjafþega og einnig hagnýtingu gjafarinnar. Ljóst sé að starfsemi sú sem fram fari hjá gjafþega í Sundlaug Selfoss sé að öllu leyti sambærileg þeirri sem fram fer hjá þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Telur kærandi að sönnunarþyrði um annað hvíli á Tollstjóra.

Ennfremur telur kærandi það skipta máli að umræddar lyftur séu sérhannaðar fyrir fatlaða og hreyfihamlaða einstaklinga og séu ekki ætlaðar til almennra nota. Í gjafabréfi umbjóðanda hans sé t.d. sérstaklega tilgreint að lyfturnar séu ætlaðar fyrir fatlaða einstaklinga. Er þess sérstaklega gætt af hálfu gjafþega.

Þá segir að sundlaugin á Selfossi sé eina sundlaugin á svæðinu sem fatlaðir og hreyfihamlaðir geta nýtt. Lyfturnar gegni þar lykilhlutverki. Íþróttafélagið Suðri sé t.d. með tíma fyrir fatlaða og einnig eldri borgarar og gígtarhópar hjá Vatni og Heilsu ehf. fyrir utan aðra fatlaða einstaklinga sem koma með aðstoðarmanni í laugina og geta þá nýtt sér lyfturnar því þeir hafa enga aðra laug á svæðinu til að fara í.

Kærandi telur mikils misskilnings gæta hjá Tollstjóra um starfsemi þá sem fram fer í sundlaug Selfoss sem og hagnýtingu á umræddum lyftum, sem sérhannaðar eru fyrir fatlaða og óskar eftir því að ríkistollanefnd kynni sér aðstæður í sundlauginni sem og starfsemi þá sem þar fer fram með því að hafa samband við íþróttta og tómsfundafulltrúa Árborgar

Kærandi ítrekar fyrri kröfur.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Í máli þessu er ágreiningur um synjun Tollstjóra á endurgreiðslu virðisaukaskatts af tveimur lyftum fyrir hreyfihamlaða. Kærandi gerir þá kröfu að fyrrgreindur úrskurður verði felldur úr gildi og umsókn hans um endurgreiðslu virðisaukaskatts samþykkt og krefst jafnframt greiðslu málskostnaðar.

Hvað varðar kröfu kæranda um greiðslu málskostnaðar skal tekið fram að ríkistollanefnd hefur ekki lagaheimild til að úrskurða kæranda málskostnað. Þegar af þeirri ástæðu er kröfu kæranda um greiðslu málskostnaðar hafnað.

Hvað varðar aðalkröfu kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts af umræddum búnaði eru heimildir til endurgreiðslu að finna í 2. mgr. 6. tl. 42. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. og 33. gr. reglugerð nr. 630/2008. Ákvæðin hljóða svo. Í 2. mgr. 6. tl. 42. gr. virðisaukaskattslaga segir:” Endurgreiða skal virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi. Endurgreiðsluheimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin sömu skilyrðum og gilda um gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi og koma fram í b-lið 8. tölul. 1. mgr. 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 797/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum.” 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 hljóðar svo:

“Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi.

Tæki, búnaður og aðrar fjárfestingarvörur sem gefnar eru til nota í starfsemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, slysavarnarfélaga, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi, eru undanþegnar aðflutningsgjöldum. Undanþágan er háð því skilyrði að ekki séu fjárhagsleg tengsl á milli gefanda og gjafþega.

Við tollafgreiðslu gjafar sem grein þessi tekur til skal liggja fyrir skrifleg yfirlýsing gefanda um gjöfina og tilgang hennar, ásamt staðfestingu gjafþega um að hún verði nýtt í viðkomandi starfsemi.”

Hér er um undanþáguákvæði að ræða sem ber að skýra þröngt að mati ríkistollanefndar. Samkvæmt beinu orðalagi er undanþáguheimildin bundin við það m.a. að viðkomandi tæki og búnaður sé ætlaður til nota í starfsemi eða á stöðum ætluðum fyrir fatlaða eða aldraða. Þegar tekin er afstaða til undanþágu gjalda er því ekki nægilegt að líta eingöngu á tækin eða búnaðinn sem slíkan heldur hvar hann er notaður. Þegar af þessari ástæðu fellur búnaður kæranda utan undanþáguheimildar virðisaukaskattslaga. Með vísan til þessa svo og röksemda Tollstjóra er kröfum kæranda hafnað.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð, með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6, er hinn kærði úrskurður Tollstjóra nr. 12/2010 staðfestur.